

Þorrablót í Lækjarási

Þann 10 febrúar síðastliðinn var haldið þorrablót í Lækjarási. Gleðin stóð frá kl 18-21, Mjög góð mæting var og skemmti fólk sér vel. Tvær ungar stúlkur sem eru að læra söng kíktu við og sungu fyrir okkur og síðan var fjöldasöngur. Eftir borðhaldið var annáll ársins 2010 sýndur og lauk kvöldinu svo á dansleik.

